

Nd. 423. Breytingartillögur [144. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1984.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (FrS, SvS, PP, GeirH).

1. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1984 að fjárhæð allt að 900 000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum. Lánsfénu skal varið með eftirtöldum hætti:

- | | |
|------------------------------------|------------------|
| 1. Blönduvirkjun | 200 000 þús. kr. |
| 2. Kvíslaveitur og Þórisvatn | 350 000 þús. kr. |
| 3. Suðurlína | 180 000 þús. kr. |
| 4. Annað | 170 000 þús. kr. |

Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þessari grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

2. Við 24. gr. Í stað „2 500“ komi: 3 600.

3. Á eftir 32. gr. frumvarpsins komi tvær nýjar greinar er hljóði svo:

a. (33. gr.) Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurgreiða Flugleiðum hf. og Cargolux lendingargjöld á Keflavíkurflugvelli vegna Norður-Atlantshafsflugs. Heimildin gildir fyrir tímabilið 1. október 1983 til 31. desember 1984. Ráðherra er heimilt að ákveða nánari framkvæmd lagagreinar þessarar með reglugerð í samráði við fjárveitinganefnd.

b. (34. gr.) Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán að fjárhæð allt að 30 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem Bjargráðasjóður tekur og endurlánar kartöflubændum vegna uppskerubrests á árinu 1983. Endurlán Bjargráðasjóðs skulu vera með sömu kjörum og til jafnlangs tíma og ábyrgðarlán ríkissjóðs að viðbættri eðlilegri þóknun til Bjargráðasjóðs.